# Bæjarstjórn Blönduósbæjar
# 47. FUNDUR – 9. febrúar 2010

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 47. fundar þriðjudaginn 9. febrúar 2010 kl. 17:00 að Hótel Blönduósi. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórir Sveinsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Fjarverandi bæjarfulltrúar:

- Héðinn Sigurðsson sem er í fæðingarorlofi. Í hans stað mættur Þórhallur Barðason.
- Valdimar Guðmannsson. Í hans stað mætt Þórdís Hjálmarsdóttir.

**Dagskrá:**

1. ***Fundargerðir:***
   a) ***Bæjarráð frá 3. febrúar 2010***
   b) ***Sundlaugarhópur frá 1. febrúar 2010***
   c) ***Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 29. janúar 2010***
   d) ***Bs. um menningu- og atvinnumál frá 20. janúar 2010***
   e) ***Stjórn Byggðasafnsins á Reykjatanga frá 13. janúar 2010.***
2. ***Þriggja ára áætlun – fyrri umræða.***
3. ***Bréf frá Vegagerðinni frá 15. janúar 2010.***

**Afgreiðslur:**

1. ***Fundargerðir:***

   ***a. Bæjarráðs frá 3. febrúar 2010, 87. fundur.***
   Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
   4. tölul. Bæjarstjórn vísar liðnum aftur til bæjarráðs.
   5. tölul. Bæjarstjórn vísar liðnum aftur til bæjarráðs.
   Fundargerðin samþykkt 7:0.

   ***b. Sundlaugarhópur frá 1. febrúar 2010.***
   Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
   Fundargerðin lögð fram til kynningar.

   ***c. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 29. janúar 2010.***
   Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
   Fundargerðin samþykkt 7:0.

   ***d. Bs. um menningu- og atvinnumál frá 20. janúar 2010.***
   Fundargerðin lögð fram til kynningar.

   ***e. Stjórn Byggðasafnsins á Reykjatanga frá 13. janúar 2010.***
   Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. ***Þriggja ára áætlun – fyrri umræða.***
   Kári Kárason lagði fram eftirfarandi tillögu:
   „Legg til að fjárfestingar í 3ja ára áætlun Blönduósbæjar verði 20 millj.kr. árlega árin 2011-2013.“
   Tillagan var samþykkt 7:0.
   Samþykkt að vísa 3ja ára áætlun Blönduósbæjar til síðari umræðu 7:0.

3. ***Bréf frá Vegagerðinni frá 15. janúar 2010.***
   Lagt fram bréf dags. 15. janúar 2010 ásamt fylgigögnum frá Auðunni Hálfdánarsyni, deildarstjóra Vegagerðarinnar í Borgarnesi, varðandi aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2022. Í bréfinu eru lagðar fram tillögur um breytingar á vegum í fyrrum Refasveit og lagningu Húnavallavegar austan Blöndu í Langadal.

Forseti lagði fram tillögu að eftirfarandi bókun:
„Vegagerðin leggur fram tillögu að nýjum stofnvegi, Húnavallaleið, milli Brekkukots í Húnavatnshreppi og Skriðulands í Blönduósbæ án lögmælts samráðs við bæjarstjórn Blönduósbæjar. Í gildandi Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 er ekki gert ráð fyrir nýjum stofnvegi í sýslunni. Í drögum að aðalskipulagi 2010-2022 hefur bæjarstjórn Blönduósbæjar ekki ráðgert nýjan stofnveg innan marka sveitarfélagsins. Bæjarstjórn Blönduósbæjar fer með stjórn skipulagsmála innan sveitarfélagsmarka. Tillaga Vegagerðarinnar felur það í sér að færa Blönduósbæ úr alfaraleið. Slík tillaga gengur þvert gegn stefnu bæjarstjórnar. Afstaða bæjarstjórnar er skýr og getur hún enganvegin fallist á tillögu Vegagerðarinnar. Blönduósbær er mikilvæg þjónustumiðstöð fyrir íbúa Austur-Húnavatnssýslu og löng hefð fyrir þjónustu við vegfarendur. Falli Blönduósbær úr alfaraleið mun það hafa alvarleg og neikvæð byggða-, efnahags- og samfélagsleg áhrif.
Bæjarstjórn samþykkir tillögu Vegagerðarinnar um breytingu á núverandi Skagastrandarvegi og Þverárfjallsvegi enda er það í samræmi við gildandi svæðisskipulag. Þá telur bæjarstjórn eðlilegt að Ennisbraut verði samþykkt sem tengivegur.“
Tillagan var samþykkt 7:0.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:21.

Valgarður Hilmarsson, forseti (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þ. Bragason (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Þórhallur Barðason (sign.)
Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri. (sign.)

Þórir Sveinsson, ritari (sign.)